159

# Efnahagsreikningur

Landsbankans 30. september 1908.

Eignir:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Ogreidd lán: | | | | |
| | a. Fasteignarveðsveðslán | kr. | 189651 72 | | |
| | b. Sjálfskuldarábyrgðarlán | — | 1428246 86 | | |
| | c. Handveðslán | — | 77923 75 | | |
| | d. Lán gegn ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga | — | 79901 41 | | |
| | e. Reikningslán | — | 544668 10 | | |
| | f. Akkreditivlán | — | 82000 00 | | |
| | | | | kr. | 2402391 84 |
| 2. | Óinnleystir víxlar | | | — | 1040712 22 |
| 3. | Óinnleystar ávísanir | | | — | 19493 82 |
| 4. | Kgl. ríkisskuldabrjef 349400 kr., eftir gangverði $^{31}/_{12}$ '07 | | | — | 335424 00 |
| 5. | Önnur erlend verðbrjef 229000 kr., eftir gangverði $^{31}/_{12}$ '07 | | | — | 196542 50 |
| 6. | Bankavaxtabrjef | | | — | 912200 00 |
| 7. | Skuldabrjef Reykjavíkurkaupstaðar | | | — | 1700 00 |
| 8. | Hlutabrjef og skuldabrjef tilh. varasjóði fyrv. sparisjóðs Reykjavíkur | | | — | 96000 00 |
| 9. | Fasteignir lagðar bankanum út fyrir lánum | | | — | 13720 00 |
| 10. | Húseignin nr. 13 í Hafnarstræti í Rvík | | | — | 5000 00 |
| 11. | Bankabyggingin með húsbúnaði | | | — | 80000 00 |
| 12. | Útbúið á Akureyri | | | — | 476600 88 |
| 13. | Útbúið á Ísafirði | | | — | 449933 09 |
| 14. | Innieign hjá bönkum og öðrum debitorum | | | — | 441676 11 |
| 15. | Kostnaður við seðlaskifti | | | — | 22460 03 |
| 16. | Skuld 2. fl. veðdeildar | | | — | 2281 58 |
| 17. | Peningar í sjóði | | | — | 152340 34 |
| | | | | kr. | 6562076 41 |

Skuldir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Seðlaskuld bankans við landssjóð | kr. | 750000 00 |
| 2. | Skuld við Landmandsbankann í Kaupmannahöfn | — | 1727272 89 |
| 3. | Innstæðufje á hlaupareikningi | — | 446418 17 |
| 4. | Innstæðufje í sparisjóði | — | 2215597 11 |
| 5. | Innstæðufje gegn viðtökuskirteinum | — | 478330 64 |
| 6. | Innieign 1. fl. veðdeildar | — | 159460 78 |
| 7. | Óútborgað innheimt fje | — | 2625 03 |
| | flyt | kr. | 5779704 62 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Flyt . . . | kr. | 5779704 62 |
| 8. | Varasjóður fyrv. sparisjóðs Reykjavíkur . . . . . . . . | — | 9722 61 |
| 9. | Varasjóður bankans . . . . . . . . . . . . . . . . . . | — | 585096 27 |
| 10. | Tekjur, sem enn eru ekki lagðar við varasjóð . . . . . . | — | 187552 91 |
| | | kr. | 6562076 41 |

159

Stjórn Landsbankans 11. nóvbr. 1908.

*Tr. Gunnarsson.* *Eiríkur Briem.* *Kristján Jónsson.*

# Firmnatilkynningar.

160

Samkvæmt lögum 13. nóvbr. 1903, um verslunarskrár, firmu- og prókúruumboð, hafa eftirgreind firmu og breytingar á firmum verið tilkynt til innfærslu á verslunarskrár landsins.

## I. Reykjavík.

1. Helgi Magnúston, Bjarnhjeðinn Jónsson og Kjartan Gunnlögsson hjer í bænum, sem eru eigendur fjelagsins »Helgi Magnússon & Co.«, er þeir stofnuðu með samningi, dags. 21. mars 1907, og tilkyntu til firmnaskrárinnar 27. maí s. á., tilkynna að þeir hafi slitið tjeðu fjelagi, sem því sje hætt störfum og beiðast þess, að tjeð firma verði strikað út úr firmnaskránni.
2. Helgi Magnússon járnsmiður og Kjartan Gunnlögsson verslunarmaður, báðir til heimilis í Reykjavík, tilkynna að þeir með firmanu Helgi Magnússon & Co. reki verslun í Reykjavík með allskonar járnvörur og taki að sjer uppsetning á hitaleiðslum, vatnsleiðslum og öðru þesskonar. Þeir hafa báðir ótakmarkaða ábyrgð. Aðeins undirskrift beggja er gild. Prókúra hefir Kjartan Gunnlögsson fyrir firmað.

Reykjavík, 21. mars 1908.
Helgi Magnússon. Kjartan Gunnlögsson.
Helgi Magnússon og Kjartan Gunnlögsson rita firmað þannig:
Helgi Magnússon & Co.
Helgi Magnússon. Kjartan Gunnlögsson.
Kjartan Gunnlögsson ritar þannig sem prókúruhafi:
p. p. Helgi Magnusson & Co.
Kjartan Gunnlögsson.

3. Björn Kristjánsson og Jón Björnsson, Reykjavík, reka þar í fjelagi verslun með firmanafninu »Björn Kristjánsson«. Eiga þeir hvor um sig hálfa versl-